Sveitarfélagið Árborg
Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri
Austurvegi 2, Ráðhúsi
800 Selfoss

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 30. janúar 2020
Tilv.: SRN20010091/4.10.13

Hér með tilkynnist að ráðuneytið hefur með vísan til 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, staðfest samkomulag Sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps um breytingu á mörkum sveitarfélaganna, sbr. samþykkt bæjarráðs Sveitarfélagsins Árbogar frá 24. janúar 2019 og samþykkt sveitarstjórnar Flóahrepps frá 6. febrúar 2019.

Um er að ræða 1.971 ferm. landsvæði í Flóahreppi, sem liggur að sveitarfélagamörkum við Sveitarfélagið Árborg austan við Selfoss, landnúmer 229186, og sem eftir breytinguna verður innan marka Sveitarfélagsins Árborgar.

Staðfestingin verður birt með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir hönd ráðherra

Hermann Sæmundsson Stefanía Traustadóttir

Samrit: Flóahreppur
Landmælingar Íslands

ÁRBORG
Bmr: 00.02 Mótt: 4/2'20
Ábm: G.HH. Mnr: 1911494

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á samkomulagi milli Sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps um breytingu á mörkum sveitarfélaganna.**

Á grundvelli 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið staðfest samkomulag Sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps um breytingu á mörkum sveitarfélaganna, samanber samþykkt bæjarráðs Sveitarfélagsins Árbogar frá 24. janúar 2019 og samþykkt sveitarstjórnar Flóahrepps frá 6. febrúar 2019.

Um er að ræða 1.971 ferm. landsvæði í Flóahreppi, lnr. 229186, sem liggur að sveitarfélagamörkum við Sveitarfélagið Árborg austan við Selfoss og verður eftir breytinguna innan marka Sveitarfélagsins Árborgar.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið 30. janúar 2020.*

F.h.r.

Hermann Sæmundsson

Stefanía Traustadóttir